

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 16/2020.

Reykjavík, 17.11.2020

2020110199

## Efni: Innköllun á Veislusalati vegna aðskotahlutar í salatinu.

Hollt og gott hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Veislusalat 100 g** vegna þess að í einum poka af salatinu fannst aðskotahlutur, hluti af fuglsvæng. Í varúðarskyni hefur fyrirtækið ákveðið að innkalla alla sendinguna, en salatinu eru pakkað á Ítalíu fyrir Hollt og gott.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna matvælin sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki	Hollt og gott.
Vöruheiti	Veislusalat.
Strikamerki	5690350037822.
Nettómagn	100 g.
Best fyrir dagsetning	21.11.2020
Lotunúmer	
Innflytjandi	Hollt og gott, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.
Dreifing	Krónan, Hagkaup, Melabúðin, Fjarðarkaup, Rangá, Seljakjör og Kaupfélag Skagfirðinga.

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga, skila henni í verslunina þar sem hún var keypt, eða til Hollt og gott, gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Hollt og gott í síma 575-6050 eða í gegnum netfangið hg@hollt.is

